


Leiðbeiningar fyrir skráningu í vinnuskóla Árborgar

Hér eru leiðbeiningar fyrri skráningu í vinnuskóla Árborgar. Farið verður skref fyrir skref yfir ferlið.

Skráning í vinnuskóla Árborgar fer í gegnum Völu vinnuskóla - <https://vinnuskoli-umsokn.vala.is/> þar skal ýta á „innskráning með íslykli“.



Þá er hægt að velja um að fara inn á umsóknarvefinn með rafrænum skilríkjum eða íslykli. Veljið sem hentar betur.

Rafræn skilríki

Skilríki í síma:

7 stafa símanúmer, síminn ólæstur

Innskrá

Íslykill

Kennitala:

Sláðu inn kennitölu

Íslykill:

Sláðu inn Íslykil

Staðfesta

Næst kemur upp yfirlit og upplýsingar um virkar skráningar á þínu fjölskyldu númeri. Velja skal „skrá umsókn“ til að skrá nýja umsókn.

Virkar skráningar einstaklinga á þínu fjölskyldunúmeri

Engar virkar skráningar fundust fyrir einstaklinga á þínu fjölskyldunúmeri.

[Smelltu hér til þess að skoða allar skráningar](#)

+ Skrá umsókn

Þá opnast form þar sem þarf að fylla út upplýsingar um þátttakanda.

Þegar kennitala þátttakanda hefur verið slegin inn kemur nafnið sjálfkrafa. Þá þarf að slá inn Netfang og farsímanúmer þátttakanda (aðstandi kemur síðar).

Þátttakandi

Sláðu inn kennitölu og tengiliðsupplýsingar fyrir þátttakanda. Upplýsingar um stöðu umsóknar munu berast á skráð netfang þátttakanda. Nauðsynlegt er að fylla inn í stjórnumerktu svæðin.

Kennitala*:

Kennitala þátttakanda

Bankareikningur*:

Bankareikningur þátttakanda

Bankareikningur er nauðsynlegur til þess að geta lokið skráningaferli. Bankareikningurinn verður að tilheyra kennitölu þátttakanda.

Sérþarfir:

Sérþarfir þátttakanda ef við á

Í reitnum um sérþarfir er gott að koma á framfæri ef sérþarfir eru hjá þátttakanda. Til dæmis ósk um auka stuðning, greiningar, ofnæmi og fleira.

Annað:

Aðrar upplýsingar um þátttakanda ef við á

Hér er hægt að koma inn upplýsingum um annað, til dæmis ef frídaga og fleira sem gott er að vita fyrirfram.

Næst kemur að skráningunni og skal byrja á að velja sveitarfélagið Árborg.

Skráning

Veldu sveitarfélag og fylltu út viðeigandi upplýsingar. Nauðsynlegt er að fylla inn í stjórnumerktu svæðin.

Sveitarfélag*:

Sveitarfélag sem sótt er um í

Í þessum reit er hægt að óska eftir því hvar skal unnið. Hvar nákvæmlega kemur aðeins neðar. Það sem er í boði er:

Skapandi sumarstörf: Grænjaxlinn, D&D hópur og fleira sem útfært verður síðar

Störf á sumarnámskeiðum: sumarfrístund, sumarsmiðjur, reiðskólar og sveitanámskeið

Störf hjá íþróttafélögum: íþróttafélög sem óska eftir starfsmönnum úr vinnuskóla

Vinnuskóli Árborgar: Hefðbundnir vinnuskólahópar.

Tegund starfsstaðar:

Tegund starfsstaðar sem sótt er um

Tekið skal fram að *ekki er hægt að lofa að allir fái nákvæmlega á þeim starfsstað sem óskað var eftir* þar sem plássin eru takmörkuð. Allir komast þó að í hefðbundnum vinnuskólahópum.

Hverfi starfsstaðar:

Hverfi starfsstaðar sem sótt er um

Því næst skal velja hverfi starfsstaðar. Þá er valið um Eyrarbakka, Selfoss, Stokkseyri eða Úlfsljótuvatn eftir því sem við á. Fyrir neðan er hakað í hvaða starfsstaður verður fyrir valinu.

Tímabil*:

Tímabil sem sótt er um

Næst er hægt að velja tímabil. Tímabilin eru tvö að þessu sinni og er 8. og 10. Bekkur á fyrratímabilinu og 9. og 7. bekkur á því seinna. Veljið sem við á hverju sinni.

Annað um val á starfsstað:

Aðrar upplýsingar um val þáttakanda á starfsstað, ef við á

Næsti reitur heitir „annað um val á starfsstað“ og eru þátttakendur **hvattir til þess að skrifa með hverjum þeir vilja vera í hóp**. Við leggjum okkur fram við það að raða vel í hópa svo allir séu sáttir, með sínum vinum og líði vel í vinnunni.

Neðst skal setja inn aðstandenda. Hægt er að setja inn fleiri enn einn aðstandenda.

Að þessu loknu er hægt að senda inn umsókn. Allir ættu að fá staðfestingapóst um að umsókn hafi verið móttækin.

Við hvetjum alla til að fylgjast með á heimasíðu Árborgar og/eða íbúasíðum á facebook, þar koma inn nánari upplýsingar um hópaskiptingu í lok maí.

Allar nánari upplýsingar um vinnuskóla Árborgar má finna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Ef spurningar vakna er hægt að hafa samband á vinnuskolinn@arborg.is